



Jákvæður agi

Við í Uglukletti nýtum okkur hegðunarstjórnunarkerfi sem nefnist jákvæður agi eða Positive discipline. Við horfum svo á að mistök séu tilraun sem maður lærir af hvernig á að gera betur. Það er orsök fyrir allri hegðun og viðbrögðum, við leitumst við að kanna hvers vegna barnið brást svona við og hjálpum börnunum að leita upptaka tilfinninganna og hegðunarinnar. Þannig læra börnin að bera ábyrgð á eigin gerðum og tilfinningum auk þess sem þau gera sér betur grein fyrir því hvernig þeirra hegðun hefur áhrif á aðra. Við gerum okkur grein fyrir að viðhorf barna eru oft og tíðum ekki þau sömu og þeirra fullorðnu. Þess vegna erum við meðvituð um að fá fram þeirra afstöðu, skoðanir og sýn á aðstæðurnar. Hér skiptir hlustun mestu máli, þ.e. að hlustað sé á börnin með tilliti til þeirra hugarheims og aðstæðna. Við hinir fullorðnu gegnum vegamiklu hlutverki sem fyrirmyndir í góðum og jákvæðum samskiptum sem einkennast af virðingu og heiðarleika. Við hrósum fyrir það sem er vel gert og aðstoðum börnin við að finna leiðir án þess að gefa þeim lausnina. Við leitum að gleði og kímni í hverjum aðstæðum en gætum þó að því að ákveðin festa sé til staðar.